

HELGA RAKEL RAFNSDÓTTIR
Sækir innblástur í
fyrstu ritvél afa síns
 • heimili
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



FASTEIGNIR
Fallegt og vel stað-
sett einbýlishús
 Sérblað um fasteignir
FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



Námskeið á
haustönn 2008

 Skeifunni 8 • Sími 580 1808 • www.mimir.is

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

8. september 2008 – 244. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Afmælið er áfangi

Ólína Þorvarðardóttir þjóðfræðingur fagnar fimmtugsafmælinu í dag.



TÍMAMÓT 18

Með hana á handleggnum

Roland Hartwell lét gamlan draum rætast og fékk sér stórt tattú á handlegginn.



FÓLK 30

Semur goðfræðipönk

Rithöfundurinn Friðrik Erlingsson hefur lokið við bókina Þór í heljargreipum sem fjallar um þrumugúðinn Þór.

FÓLK 30


Haukar í meistaradeildina

Haukar tryggðu sér þátttökurétt í riðlakeppni meistaradeildarinnar með sigri á kypversku liði ytra í gær.



ÍÞRÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG



SKÚRIR Í BORGinni í dag verða suðaustan 5-13 m/s, hvassast sunnan og vestan til. Bjart með köflum og þurr norðan til og austan annars skúrir. Hiti 10-16 stig að deginum, mildast norðan til.

VEDUR 4

Lögregla telur að oftari eigi að beita brottvísun

Fimm Litháar réðust á lögreglumann í Kópavogi um helgina. Formaður Landsambands lögreglumanna vill að erlendum brotamönnum verði vísað úr landi.

LÖGREGLUMÁL Snorri Magnússon, formaður Landsambands lögreglumanna, segir að árásum á lögreglumenn hafi fjölgað og orðið fólkskulegri. Ekki verði litið framhjá því að útlendingar eigi þar oft hlut að máli sem og í öðrum afbrotum. Þetta sé ein af neikvæðum birtingarmyndum alþjóðavæðingar sem bregðast þurfi við.

Fimm Litháar réðust á lögreglumann í fyrrinótt í Kópavogi. Lögreglumaðurinn hafði verið kallaður á vettvang vegna hávaða í heima-húsi. Geir Jón Þórisson, yfirlög-regluþjónn á höfuðborgarsvæðinu, segir að þegar lögreglan hafi ætlað að handtaka einn af fimmmenningunum hafi verið ráðist á einn lögreglumannanna. Árásin hafi verið

mjög fólkskuleg en hann mun hafa verið skallaður, snúinn niður í gólf-íð og tekinn hálstaki. Lögregla kallaði út aðstoð og þurfti að beita kylfum og piparúða til að yfirbuga árásmennina og handtaka þá.

Tölur frá því í janúar sýndu að rúmlega sextán prósent fanga í íslenskum fangelsum eru útlendingar. Þar af voru Litháar um fjórtíu prósent þeirra. Í janúar á þessu ári réðust fimm Litháar á lögreglumenn en eftir þau átök þurftu fjórir lögreglumannanna að fá aðhlynningu á sjúkrahúsi og voru tveir þeirra fluttir með sjúkrabíl. Eftir árásina var ritað á heimasíðu Lögreglufélags Reykjavíkur: „Það kemur frekar spánskt fyrir sjónir að á sama tíma og því er haldið

fram að útlendingar séu ekki til meiri vandræða en Íslendingar kemur það stundum fyrir að það eru fleiri útlendingar vistaðir í fangageymslum lögreglu en Íslendingar.“

Aðeins einn árásmannanna var dæmdur sekur og í 60 daga skil-orðsbundið fangelsi. Snorra þykir furðulegt að Útlendingastofnun hafi ekki vísað mönnum úr landi. „Þá sérstaklega þegar nýbökudum keniskum feðrum og filippseykskum flökurum úr Þorlákshöfn er gert að fara úr landi án nokkurs fyrirvara.“ Hann segir það komi útlendingahatri ekki við að óska þess að hægt væri að koma brotamönnum sem ekki eiga hér ríkisfang úr landi.

- kdk



GRÆNN ÍSBJÖRN Ísbirnir í dýragarði í Japan urðu grænir vegna þörungagróður-urs í tjörn þeirra.

Ísbirnir skipta litum í Japan: Grænir ísbirnir í dýragarðinum

JAPAN/AP Þrír ísbirnir í dýragarði í Japan hafa breytt um lit og eru nú grænir. Þeir byrjuðu að skipta litum í júlí eftir sundspretti í tjörninni á blettinum sínum.

Mikill hiti í júlí og ágúst gerði það að verkum að þörungar hófu að myndast á botni tjarnarinnar að sögn yfirmanns dýragarðsins, Masami Kurobe. Þörungarnir festust þá í feldi bjarnanna sem orsökuðu litaskiptin.

Kurobe telur að ísbirnir verði aftur hvítir í nóvember, þegar kólnar í veðri og þörungagróðurinn minnkar á tjarnarbotninum.

- vsp



LAUSU LOFTI Fjöldi fólks lagði leið sína í Sirkus Agora sem var með sýningar við Smáralind um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ungar stúlkur fönguðu pysjur í Vestmannaeyjum í fyrrakvöld:

Nánast allar pysjur dauðar

VESTMANNAEYJAR Þær Sunna Georgsdóttir og Anna Marý Guðmundsdóttir fundu fjórar pysjur í fyrrakvöld og komu með þær í vigtun í Náttúrugripasafnið í Vestmannaeyjum.

Allir sem finna lundapysjur fara og vigta þær á Náttúrugripasafninu. Þetta kallast pysjueftirlitið og er gert til þess að rannsaka lundastofninn í Vestmannaeyjum.

„Það verður lítið af pysjum í ár. Þær eru eiginlega allar dauðar,“ segir Erpur Snær Hansen, líffræð-

ingur og umsjónarmaður rannsóknna á lundunum við Náttúrustofnun Suðurlands.

Náttúrustofnun Suðurlands hefur fylgst með 226 hreiðrum undanfarið. Pysjurnar hafa drepist hratt að sögn Erps og aðeins eru um tuttugu prósent af þeim eftir í holunum.

„Þær sem eftir eru eru svo smáar að þær eiga ekki mikla lífsvon. Algjör aflabrestur hefur verið undanfarið ár því það hefur ekki verið nóg um síli og þá drepast pysjurnar bara úr hungri,“ segir Erpur. - vsp



LUNDAPYSJUR Þær Sunna Georgsdóttir (í grænni peysu) og Anna Marý Guðmundsdóttir með lundapysjur.

Tvöfaldir
Vildarpunktur
 í september
 Gildir af allri veltu

Kortid sem kemur þér út

www.americanexpress.is

KREDITKORT er útgáfandi American Express® á Íslandi

Kafbátur mánaðarins
Skinkubátur
329 kr.
 Gildir í sept. 2008

Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.

SUBWAY

HjartaHeill

OPIÐ
 til **20**
 alla daga

HAGKAUP
 Ein ferð betra verð

SPURNING DAGSINS



Hallgrímur, væri endaparmurinn þá í Mývatni?

„Nei, endaparmurinn er í Víti og blæðingar fara fram á Skeiðarásandi.“

Hallgrímur Helgason líkti Íslandi við liggjandi konu í viðtali við Fréttablaðið í fyrradag. Sagði hann að Eyjafjörður væri klofið og jöklarnir brjóstin. Á botni Mývatns er sjaldgæfur kúluskítur.

Stórbruni í Björgvin: Tólf sluppu lítið meiddir

NOREGUR Stórbruni varð í norska bænum Björgvin aðfaranótt sunnudags. Samkvæmt norska dagblaðinu Aftenposten urðu fimm hús eldinum að bráð, þar af eru tvö þeirra gjörónýt.

Alls 42 slökkviliðsmenn úr bænum börðust við eldinn, en einnig lögðu slökkvilið nærliggjandi bæjarfélaga til krafta sína. Húsin sem brunnu eru timburhús frá 17. öld og teljast til ómetanlegra fornminja. Tólf manns björguðust úr húsunum án teljandi áverka, en slökkviliðið hefur enn ekki viljað útiloka að einhverjir hafi orðið eftir í húsunum og þar með orðið eldinum að bráð.

Árás á Mánagötu:

Brutust inn og stungu mann í lærið með hníf

LÖGREGLUMÁL Karlmaður var í gær fluttur á slysadeild eftir að hafa verið stunginn með hnífi í lærið.

Lögreglan fékk tilkynningu um klukkan hálf tvö í gær frá manni sem sagði að hópur manna væri að reyna að brjótast inn á heimili hans á Mánagötu í Reykjavík.

Þegar lögregla kom á staðinn voru áráðarmennirnir horfnir af vettvangi en sá sem kallaði lögreglu á staðinn var með stungusár á læri. Sá slasaði var fluttur á slysadeild en meisl hans reyndust ekki alvarleg. Síðar um daginn höfðu þrír menn verið handteknir vegna málsins. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins eru mennirnir allir frá Póllandi. Þeir eru taldir hafa verið undir áhrifum áfengis þegar árásin átti sér stað.

Hópur palestínsks flóttafólks lendir í Keflavík í kvöld á leið á Akranes:

Flóttafólkið kemur í kvöld

FLÓTTAFÓLK Hópur palestínsks flóttafólks lendir í kvöld í Keflavík og fer þaðan rakið á Akranes. Um er að ræða 29 manns, konur og börn þeirra, sem áður dvöldu í Al Waleed-flóttamannabúðunum í Írak.

Koma fólksins er liður í áætlun ríkisstjórnarinnar um móttöku flóttafólks, en samkvæmt henni verður tekið á móti 20-30 árlega. Flóttamannafnd lagði, í samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, til að tekið yrði á móti flóttafólki frá Al Waleed-búðunum í ár.

Flóttafólksins biða íbúðir sem Akranesbær hefur séð um að útvega og hefur Akranesdeild Rauða krossins séð um að koma upp húsbúnaði, ásamt því að safna fötum.

Þrjár stuðningsfjölskyldur verða hverri flóttafjölskyldu til hjálpar á Akranesi, auk einnar í Reykjavík. Þeirra hlutverk verður að styðja fólkið í nýju og gerókunni umhverfi.



UNDIRBÚNINGUR Rauði krossinn stóð fyrir kynningarfundum fyrir stuðningsfjölskyldur flóttafólksins í síðustu viku.

Íslenska kerfið til móttöku flóttafólks, með aðkomu ríkis, sveitarfélags og Rauða krossins, hefur vakið mikla athygli hjá Sameinuðu þjóðunum. Þar er horft til þess að taka upp svipað kerfi með stuðningsfjölskyldum.

Palestínska flóttafólkið lendir í Keflavík seint í kvöld.

- kóp

Málamyndahjónaböndum fjölga

Málamyndahjónaböndum hefur fjölgað á Íslandi eftir að stífur EES-forgangur var tekinn upp. Þrýstingur hefur aukist á reglur Útlendingastofnunar. Fólk reynir að fá ættingja frá þriðja landi á hæpnari forsendu en áður.

INNFLYTJENDAMÁL Málamyndahjónaböndum milli Íslendinga og erlendra ríkisborgara hefur fjölgað verulega síðustu árin. Þrýstingur hefur aukist á reglur Útlendingastofnunar. Fólk lætur reyna á reglurnar hvort ekki tekst að fá ættingja og vini til landsins nú þegar það er ekki lengur einfalt fyrir fólk utan ESB.

Haukur Guðmundsson, starfandi forstjóri Útlendingastofnunar, segir að þessi þróun hafi farið vaxandi síðustu árin. Fyrir þremur árum hafi „stífur EES-forgangur“ verið tekinn upp á vinnumarkaði og þá hafi möguleikar margra á að fá til sín systkini og aðra ættingja breyst. Fram að þeim tíma hafi ekki reynt mikið á reglur.

„Ef einhver vildi fá ættingja til sín var alltaf hægt að redda honum verkamannavinnu í þeim hagvexti sem hér var þannig að reglur um vegabréfsáritun, makaleyfi og slíkt skiptu ekki miklu máli. Hver sem var gat fengið dvalar- og atvinnuleyfi, fengið vinnu og sest hér að,“ segir Haukur, „en nú gildir það ekki lengur. Hingað kemst enginn án þess að vera viðurkenndur sérfræðingur af Vinnumálastofnun,“ segir hann og bendir á að mjög stór hópur útlendinga uppfylli ekki það skilyrði.

„Þá fara menn að láta reyna á ýmislegt annað, sækja til dæmis um au pair-leysi. Menn standa frammi fyrir spurningunni um það hvornig eigi að fá ættingja til landsins og þá eykst þrýstingur á allar okkar reglur. Við finnum fyrir því að það er verið að sækja



GANGA LENGRA „Okkar reynsla sýnir að eftir að aðgangur hefur þregst þá ganga menn lengra í að sækja um ýmis önnur leyfi, námsmannaleyfi, au pair-leysi og makaleyfi,“ segir Haukur Guðmundsson, starfandi forstjóri Útlendingastofnunar.

um ýmis leyfi á hæpnari forsendu en áður vegna þess að menn hafa ekki lengur þá einföldu og opnu leið að sækja um dvalar- og atvinnuleyfi eftir að hafa reddað ættingja sínum vinnu,“ segir hann. „Okkar reynsla sýnir að eftir að aðgangur hefur þregst þá ganga menn lengra í að sækja um ýmis önnur leyfi, námsmannaleyfi, au pair-leysi og makaleyfi.“

Haukur segir að það sé „klárlega okkar tilfinning að í auknum mæli sé sótt um önnur leyfi á dálítið hæpnun forsendu,“ segir hann og bendir á að ólögleg

dvöl og ólögleg atvinnuþátttaka sé miklu raunhæfari hættu í þjóðfélagi þar sem mikið er af útlendingum í löglegru dvöl en í einleitu þjóðfélagi eins og var áður hér á landi. Hann hefur á tilfinningunni að ólögleg dvöl og ólögleg atvinnuþátttaka sé ekki umfangsmikið vandamál hér í samanburði við aðrar þjóðir en þó raunhæft og raunverulegt vandamál sem þurfi að bregðast við. Ekki sé um hefðbundin verkefni lögreglunnar að ræða en lögreglan beiti sér í vaxandi mæli.

ghs@frettabladid.is

Samtök olúframleiðenda: Íhuga samdrátt í framleiðslu

VÍN, AP Samtök olúframleiðenda, OPEC, íhuga nú að draga úr olúframleiðslu til þess að hækka heimsmarkaðsverð.

Verð á hráolífu hefur lækkað um næstum því 30 prósent frá því í júlí þegar það náði 150 bandaríkjadöllum á tunnu. Nú er verið á tunnu um 106 bandaríkjadöllum og hafa sumar aðildarþjóðir OPEC, Íran og Venzúela þeirra á meðal, lagt til að fari verið í 100 bandaríkjadöllum verði dregið úr framleiðslu. Sádi-Arabar, ein helsta olúframleiðsluþjóð heims, hafa þó enn ekki samþykkt þennan ráðahag og því ólíklegt að af honum verði að sinni.



RUSLIÐ BRENNUR Kveikt var í brotajárni og plastkórur í Sorpu í Vestmannaeyjum í gærkvöldi. Skemmdir voru minni háttar.

MYNDIR/ÓSKAR

Íkveikjur í Vestmannaeyjum: Þrjár íkveikjur á einni helgi

VESTMANNAEYJAR Kveikt var í brotajárni og plastkórur í Sorpu í Vestmannaeyjum í gærkvöldi. Að sögn lögreglu gekk slökkvistarf vel. Enginn er grunaður sem stendur. Einnig var kveikt í Keikókvínni og veitingastaðnum Lundanum í Vestmannaeyjum um helgina. Á Lundanum var kveikt í þakplötum aðfaranótt laugardags.

„Dyraverðirnir voru fljótir til og slökktu þetta,“ segir Jón Ingi Guðjónsson, veitingamaður á Lundanum. Brennuvargarnir náðust ekki. Jón Ingi segist hafa tilkynnt um brunann vegna atviksins í Keikókvínni ef ske kynni að atvikin tengdust.

- vsp

Flugvatik á Akureyri: Flugvélin fipaðist í flugtakinu

SAMCÖNGUR Tveggja sæta flugvél af gerðinni Piper Super Cub fipaðist í flugtaki á flugvælinum á Melgerðismelum í Eyjafjarðarsveit í hádegjunni í gær. Varð flugmaður vélarinnar að lenda strax eftir flugtak.

Tveir voru um borð, flugmaður og farþeginn. Farþeginn fór á sjúkrahús að sjálfsdáðum en fékk að fara heim að lokinni lækni-skoðun. Rannsóknarnefnda flugslysa er með málið til rannsókna.

- vsp

www.ostur.is

Veldu létt ... og mundu eftir ostinum!

Stjórnendum Fannie Mae og Freddie Mac sagt upp í gær:

Efnahagur Bandaríkjanna veltur á húsnæðisvandnum

FJÁRMÁL Henry Paulson, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, hefur sagt stjórnendum fjármögnunarsjóðanna Freddie Mac og Fannie Mae upp. Þeir sem taka við eru Herbert Allison og David Moffett. Þetta kom fram á blaðamannafundi í gær.

Ríkisstjórn Bandaríkjanna tilkynnti í gær að hún muni taka yfir fjármögnunarsjóðina vegna fjárhagsvanda þeirra. Hlutabréf í Fannie Mae hafa fallið um 66 prósent síðan í júní og Freddie Mac hefur fallið um 69 prósent.

„Nauðsynlegt er að grípa til aðgerða,“ sagði Paulson á blaðamannafundinum í gær. Hann sagði að auki að efnahagur

Bandaríkjanna mundi ekki rétta úr sér fyrr en búiið væri að binda enda á húsnæðisvanda landsins.

Fjármálaráðuneytið tilkynnti forsetaframbjóðendum Barack Obama og John McCain um yfirtökuna í gær, áður en þetta var tilkynnt í fjölmiðlum, herma heimildir vestanhafs. Stjórnendum sjóðanna var hins vegar tilkynnt um yfirtökuna á föstudaginn.

Sjóðirnir hafa verið í einkaeigu en reknir að hluta til fyrir almanna-fé. Þeir fjármagna flest húsnæðis-lán Bandaríkjanna. Paulson vildi ekki segja hve mikið yfirtakan mundi kosta bandaríska skattgreiðendur á blaðamannafundinum í gær.

- vsp



Á blaðamannafundi Henry Paulson, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, tilkynnti á blaðamannafundi í gær að stjórnendum Fannie Mae og Freddie Mac yrði sagt upp.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

20.000 viðskipta- vinir Nova hringja nú frítt sín á milli!

Stærsti skemmtistaður í heimi telur nú 20.000 manns og gestunum fer stöðugt fjölgandi. Komdu yfir og skemmtu þér með okkur. Nova – stærsti skemmtistaður í heimi!

0 kr. Nova
í Nova

Símtöl, myndsímtöl,
SMS og MMS milli
viðskiptavina Nova
kosta ekki krónu!

2.000 kr.

notkun á mánuði
í 12 mánuði fylgir
öllum símatil-
boðum hjá Nova!

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	87,99	88,41
Sterlingspund	154,77	155,53
Evra	125,09	125,79
Dönsk króna	16,777	16,875
Norsk króna	15,641	15,733
Sænsk króna	13,193	13,271
Japanskt jen	0,8275	0,8323

SDR 136,04 136,86

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 164,798

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Barack Obama skaut föstum skotum að John McCain:

Knýr ekki fram breytingar



WASHINGTON, AP Forsetaframbjóðandi demókrata, Barack Obama, skaut föstum skotum að John McCain, forsetaframbjóðanda repúblikana, og varaforsetaefni hans, Söru Palin, í ræðu sem hann hélt í Indiana-ríki á laugardag. Obama varaði við efnahagsstefnu þeirra McCains og Palin, sem hann telur ekki til þess fallna að koma bandarískum efnahag til bjargar. Obama sagði enn fremur að almenningur ætti ekki trú á fullyrðingum



BARACK OBAMA Telur John McCain ekki líklegan til þess að breyta bandarísku samfélagi. McCains og Palin um að þau hygðust bylta spilltu stjórnkerfi Washington-borgar með stjórnarháttum sínum. Obama minnti á að Rep-

úblíkanaflokkurinn hefði verið við völd í landinu síðastliðin átta ár með dyggri aðstoð McCains og því væri ekki líklegt að hann hygði á skipulagsbreytingar.

Ummæli Obama komu í kjölfar þess að báðir forsetaframbjóðendur brugðust við fréttum af yfirtöku bandaríska seðlabankans á fjármögnunarsjóðunum Fannie Mae og Freddie Mac. McCain taldi mikilvægt að nýta tækifærið og endurskipuleggja sjóðina, en Obama sagði að við yfirtökuna og eftirköst hennar yrði að gæta þess að setja hagsmuni skattgreiðenda og húsnæðis kaupenda í forgang. -vp

Fannst lífshættulega slasaður:

Enn í lífshættu

LÖGREGLUMÁL Ungi maðurinn sem fannst lífshættulega slasaður við gatnamót Höfðatúns, Laugavegar og Skúlagötu snemma á laugardagsmorgun er enn í lífshættu samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Maðurinn er á þrjúguldri og var hann höfuðkúpubrotinn og hafði hlotið miklar heilablæðingar. Hann gekkst undir tvær aðgerðir sama dag og hann fannst. Lögregla biður alla sem geta gefið upplýsingar um málið eða urðu varir við mannaferðir á svæðinu frá klukkan sex til hálf átta á laugardagsmorguninn að hafa samband í síma 444-1100.

- kdk

Kannast ekki við Bjallavirkjun: Koma af fjöllum um virkjun

VIRKJANIR Hugmyndir um virkjun við Bjalla, ofarlega í Tungnaá, hafa ekki komið á borð iðnaðar ráðuneytisins. Þetta staðfestir Einar Karl Haraldsson, aðstoðarmaður Össurar Skarphéðins-sonar iðnaðar ráðherra.



KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR

„Þetta sýnir mikilvægi þess að hafa rammaáætlun í stað einstakra ákvarðana.“ Landsvirkjun lagði í síðustu viku til að Bjallavirkjun yrði tekin inn í rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Hugmyndir um virkjunina eru 30 ára gamlar. - kóp

LÖGREGLUFRÉTTIR

Skjám stolið í Hafnarfirði

Þrjú innbrot voru framin í Hafnarfirði aðfaranótt sunnudags. Ránfengurinn var fjórir tölvuskjái. Brotist var inn í eitt fyrirtæki á Hvaleyrarbraut. Einnig var brotist inn í Flensborgarskóla og Álfstanesskóla. Ekki er búið að handtaka neinn vegna málsins en það er í rannsókn.

Datt niður af svölum

Karlmaður datt niður af svölum í íbúðarhúsi á Egilsstöðum. Maðurinn var fluttur á sjúkrahús en ekki er talið að um mjög alvarlega áverka sé að ræða.

Fóru of langt í fjöruna

Draga þurfti fólksbífreid upp úr vatni við Hvalnes í gær. Bíllinn var frá bílaleigu og farþegarirnir voru erlendir ferðamenn. Höfðu þeir reynt um of að seilast í fjörunni en flóðið var þeim ofviða. Kalla þurfti til björgunarsveit. Farþegar sluppu ómeiddir en bífreidin skemmdist lítillega.

Stóriðja leysir ekki efnahagsvandann

Jónas Haralz hagfræðingur segir að stóriðja leysi ekki þann efnahagsvanda sem steðji að þjóðinni. Pétur Blöndal segist sammála því. Ósammála um að evran mundi leysa vandann. Jónas segir mistök að leggja Þjóðhagsstofnun niður.

EFNAHAGSMÁL Jónas Haralz, hagfræðingur og fyrrverandi bankastjóri, segir stóriðjuframkvæmdir ekki leysa þann efnahagsvanda sem steðji að þjóðinni.

Jónas var gestur í Silfri Egils í gær og fór þar gagnrýnum orðum um ástand mála. Í samtali við Fréttablaðið segir hann stjórn-málamenn allt of gjarna á að grípa til þess sem hendi sé næst. „Menn sjá að hér eru erfiðleikar og grípa til þess að reisa eitt stykki orkuver. Það skapar atvinnu og dregur úr vandanum, en þá eru menn ekki að taka á grundvallarvandanum.“ segir Jónas.



PÉTUR H. BLÖNDAL



JÓNAS HARALZ

formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, tekur undir þetta. „Stóriðjuframkvæmdir eru í sjálfu sér engin lausn á efnahagsvanda. Einstaka virkjanageta verði smáplástur á sárið og hjálpað til við að milda áhrifin. En ég horfi ekki á þær sem lausn á einhverjum vanda. Við eigum hins vegar að nýta auðlindir þjóðarinnar,“ segir Pétur.

Jónas segir skorta samráð á milli Seðlabankans og stjórnvalda. Þá telur hann að það hafi verið mistök



ÁLVER ALCOA Á REYÐARFIRÐI Formaður efnahagsnefndar segir stóriðjuframkvæmdir í sjálfu sér ekki vera lausn á efnahagsvandanum.

að leggja Þjóðhagsstofnun niður. „Það vantar góða ráðleggjandi stofnun til að starfa með stjórn-málamönnum og aðstoða þá við að ná utan um heildarmyndina. Þjóðhagsstofnun gegndi því hlutverki.“ Þá segir Jónas margar ákvarðanir ríkisstjórnarinnar hafa gert Seðlabankanum erfitt fyrir að ná markmiðum sínum. „Einstaka efnahagsákvæðanir hafa verið þvert gegn stefnu bankans og ákvarðanir í húsnæðismálum voru sennilega þær verstu sem hægt var að taka,“ segir Jónas og vísar til niútu prósentu lána Íbúðalánasjóds. Hann telur að sækja eigi um aðild að Evrópusambandinu og láta reyna á myntbandalag.

Pétur er ósammála því. „Það þarf að breyta neyslumynstri þjóðarinnar. Ef evran er tekin upp án þess, þá kaupum við okkur bara þrjá jeppa í stað tveggja, vegna lágra vaxta. Þá mundi atvinnuleysi aukast þar sem ekki er hægt að grípa til gengisfellinga, til dæmis í kjölfar óskynsamlegra kjarasamninga.“

Hann segir að einstaka ákvarðanir ríkisstjórnarinnar um skattalækkunir megi gagnrýna. Þær hafi þó ekki haft jafnmikil áhrif og óttast var og í raun skilað hærri sköttum. „Það voru sennilega líka mistök að leggja Íbúðalánasjóð ekki strax niður.“

kolbeinn@frettabladid.is



CONDOLEEZZA RICE Utanríkisráðherrann fullyrðir að samskipti bandarískra og íraska stjórnvalda séu opin og gagnsæ.

Opin og gagnsæ samskipti

MAROKKÓ, AP Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hefur sent frá sér fullyrðingu um að samskipti á milli bandarískra og íraska stjórnvalda séu bæði opin og gagnsæ.

Fullyrðingin kemur í kjölfar ásakana blaðamannsins og rithöfundarins Bob Woodward í garð bandaríska ríkisstjórnarinnar varðandi njósnir um Nouri al-Maliki, forsætisráðherra Íraks, og aðra háttsetta íraska embættismenn. Ali al-Dabbagh, talsmaður írösku stjórnarinnar, sagði að ef njósnirnar væru staðreynd kæmu Bandaríkjamenn fram við Íraka eins og óvini. -vp

STJÓRNSÝSLA

Auglýst eftir sáttasemjara

Embætti ríkissáttasemjara er laust til umsóknar. Skipað er í embættið til fimm ára, frá 1. nóvember 2008. Ríkissáttasemjari annast sáttastörf í vinnudeilum milli launafólks og félaga þess annars vegar og atvinnurekenda og félaga þeirra hins vegar. Umsóknir skulu berast félags- og tryggingamálaráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík, eigi síðar en fyrsta október.

Hef opnað lækningastofu í Uppsölum Kringlunni

Tímamantanir í síma 568 68 11

Garðar Guðmundsson
Heila- og taugaskurðlæknir
gardar.upsalir@gmail.com

VEÐURSPÁ




Sigurður P. Ragnarsson
Veðurfræðingur

VÆTA Í KORTUNUM

Í dag og næstu daga má reikna með rigningu eða skúrum á landinu sunnan og vestanverðu og á miðvikudaginn eru horfur á að hún nái líka norður yfir land. Það verður vindasamt við suður- og vesturströndina í dag og á morgun en þar lægir á miðvikudag.

Á MORGUN 12-15 m/s suðvestan til annars 5-10 m/s



HEIMURINN

Kaupmannahöfn	19°
Billund	18°
Ósló	12°
Stokkhólmur	15°
Gautaborg	20°
London	19°
Paris	22°
Frankfurt	21°
Friedrichshafen	23°
Berlín	21°
Alicante	27°
Mallorca	29°
Basel	22°
Eindhoven	30°
Las Palmas	26°
New York	27°
Orlando	32°
San Francisco	18°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Haustráðstefna atvinnulífsins

Haustráðstefna Skýrr 2008 verður haldin á Hilton Nordica Reykjavík hótél, föstudaginn 12. september. Þetta er stærsta upplýsingatækniráðstefna ársins.



Dr. Trausti Kristjánsson, Google
Google og Wiki-veröldin

Dr. Trausti er þróunarstjóri talgreiningar hjá Google. Hann mun í fyrri lykirlæðu Haustráðstefnu atvinnulífsins greina frá helstu verkefnum sínum hjá Google, segja frá óvenjulegu vinnuumhverfinu og skyggast inn í framtíðina. Dr. Trausti starfaði áður hjá IBM. Hann er rafmagnsverkfræðingur frá HÍ og með doktorspróf í tölvunarfræði frá Kanada.



Marcus Murray, TrueSec
Live Hacking

Marcus er eini Svíinn sem ber titilinn Microsoft Security MVP (Microsoft Valued Professional). Hann er heimspektur fyrirlesari sem hefur sérhæft sig í öryggislausnum fyrir Microsoft-umhverfið með áherslu á öryggisúttektir og varnir gegn árásum. Marcus heldur lykirlæðu sem ber heitið „Live Hacking“ og mun sýna hvernig tölvuþrjútar ráðast á Microsoft Windows umhverfi og brjótast inn á staðarnet viðkomandi fyrirtækis. Á ráðstefnunni verður í framhaldinu farið yfir hvað fyrirtæki þurfa að gera til að geta varist tölvuinnbrotum af þessu tagi.

Fimm fyrirlestralínur

- ▼ Microsoft-viðskiptalausnir
- ▼ Oracle-grunntækni
- ▼ Oracle-viðskiptalausnir
- ▼ Viðskiptagreind
- ▼ Öryggislausnir

Framtíð Microsoft Dynamics NAV
Jesper Lachance Ræbild

Microsoft Dynamics NAV - Innleiðing
Gunnar Þór Gestsson

Viðskiptatengsl með Microsoft Dynamics CRM
Peter Østergaard

Microsoft Dynamics CRM - Innleiðing
Bjarni Guðlaugsson

SharePoint 2007 - Reynslusögur notenda
Ingunn Guðmundsdóttir og Sigurgeir B. Geirsson

Áætlanagerð opinberra aðila með Oracle Hyperion
Jes Jessen

Eignakerfi í Oracle OEBS
Aðalsteinn Helgason

Nýtt umsókna- og ráðningakerfi
Starkaður Örn Arnarson

Innkaupakerfi í Oracle OEBS
Þröstur Þór Fanngeirsson

Greiðslukerfi í OEBS 12
Gestur Traustason

DBI í Oracle OEBS
Jón Bjarni Emilsson og Chabane Ramdani

Samhæfing upplýsinga í vöruhúsi gagna
Þórbergur Ólafsson

Stefnur og straumar í viðskiptagreind
Jón Bjarki Gunnarsson

Sýndarvörður í viðskiptagreind
Alejandro Serrano Garcia

Business Object Xcelsius
Alejandro Serrano Garcia

Business Objects fyrir SAP
Jón Bjarki Gunnarsson

Klónun gagnagrunna með RMAN
Gísli Geir Gylfason

Rafræn skilríki á bankakortum
Haraldur Bjarnason

20 leiðir til að afhjúpa trúnaðargögn
Ebenezer P. Böðvarsson



Öryggið tryggt með Oracle Security Masterclass
Pete Finnigan



Rafrænar undirskriftir á vef
Rod Crook
Ascertia



Hyperion - Essbase og Planning í hnotskurn
Michael Schrader
Oracle



Samhæfing gagna með Oracle Data Integrator
Christian Christiansen
Oracle



Hópvinna og samvinna með SharePoint 2007
Jesper Osgaard
Microsoft



Útvistun verkferla með Oracle BPO
Leif Rasmussen
Oracle



Hvaða nýjungar eru í Oracle 11gR2?
Kim Estrup
Oracle



Örugg starfsmannakort
Daniel Hjort
HID



Skilvirkni er frá Venus, stjórnun er frá Mars
Frank Buytendijk
Oracle



Dulritun á WAN-víðneti
William Mabon
Safe Net



Áætlanagerð með Microsoft Performance Point Server
Marco Manuello
Microsoft



Samskipti með Microsoft Office Communicator
Eric Heinen
Microsoft

Nánari dagskrá og skráning á skyr.is.

Í dagskrárlök hefst kvöldveisla með villtum veitingum, töfrandi tónum og sniðugum skemmtiatriðum.

Allt á einum stað

569 5100 | skyr@skyr.is

Skyrr

KJÖRKASSINN



Á að ganga að launakröfum ljósmæðra?

Já 87,2%
Nei 12,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ert þú hlynt(ur) fyrirhugaðri Bjallavirkjun?

Segðu skoðun þína á visir.is



Gengið til styrktar krabbameinsrannsóknum:

Þúsund manns gengu saman

SAMFÉLAGSMÁL Göngum saman-hópurinn stóð í gær fyrir göngum til styrktar rannsóknum á brjóstakrabbameini. Göngurnar fóru fram á þremur stöðum á landinu, í Reykjavík, á Akureyri og á Ísafirði, og fór þátttaka fram úr björtustu vonum þrátt fyrir vindasamt og blautt veður sunnan- og vestanlands. Talið er að rúmlega þúsund manns hafi tekið þátt í göngunni um land allt.

Kristín Svavarsdóttir situr í stjórn Göngum saman-hópsins og tók þátt í göngunni í Reykjavík. Hún segir góða þátttöku í göngunni vera mikið ánægjuefni. „Okkur reiknast til að um 900

manns hafi gengið í Elliðaárdalnum með okkur. Hér var góð stemning og fólk skemmti sér vel þrátt fyrir rigninguna.“

Göngum saman-hópurinn á rætur sínar að rekja til hóps íslenskra kvenna sem tóku þátt í Avon-göngunni í New York í fyrra til styrktar rannsóknum á brjóstakrabbameini. Þótti þeim hugmyndin góð og ákváðu að innleiða hana hér á landi. Kristín segir hópinn stefna að því að gera gönguna að árvissum viðburði. „Við vonumst til þess að ganga aftur að ári og fá á ný fjölda fólks í lið með okkur.“

- vp



GENGIÐ Í REYKJAVÍK Fjöldi fólks var samankominn í Elliðaárdal til að styrkja rannsóknir á brjóstakrabbameini.

MYND/KÁRI TRYGGVASON

Lestarávdræði í Argentínu:
Kveiktu í lest vegna seinkunar

ARGENTÍNA Brjálaðir lestarferðalangar kveiktu í lest í reiði sinni vegna seinkunar á lestunum á háanattíma á þriðjudagsmorguninn í Buenos Aires í Argentínu.

Gustavo Gago, talsmaður lestarfyrirtækisins TBA, sagðist skilja vel að fólk væri pirrað yfir því þegar lestunum seinkar, en það þýði þó ekki að þau geti kveikt í lestunum.

Margir farþeganna sem tóku þátt í íkveikjunni á þriðjudaginn sögðu að þetta hefði kostað þá dagsvinnu. Lestarkerfi Argentínu þarf oft að líða fyrir miklar tafir og hafa oft brotist út slagsmál milli ferðalanga og starfsmanna.

- vsp



LJÓSANÓTT Um 35-40 þúsund manns voru viðstaddir flugeldasýningu ljósanótt. Aldrei hafa fleiri verið á ljósanótt.

MYND/VIKURFRÉTTIR

Ljósanótt fór vel fram:

Aldrei fleiri verið á ljósanótt

KEFLAVÍK Aldrei hafa fleiri gestir sótt hátíðarhöld í Reykjaneshæ í kringum ljósanótt. Talið er að gestir hafi verið um 35-40 þúsund þegar flugeldasýning fór fram á laugardagskvöldið.

Hátíðarhöldin gengu sérstaklega vel fyrir sig að mati lögreglumanna sem voru við störf um helgina. Þrátt fyrir töluverðan eril á föstudags- og laugardagskvöld komu engin alvarleg mál til kasta lögreglunnar. Umferð að lokinni hátíðardagskrá á laugardagskvöld gekk greiðlega fyrir sig um Reykjaneshæ og Reykjaneshæbraut til höfuðborgarsvæðisins að sögn lögreglu.

- vsp

Engin hætta á heimsendi við endursköpun Miklahvells

Gangsetja á stærsta hraðal heims á miðvikudag. Tilgangurinn er að skapa sömu aðstæður og voru við Miklahvell. Efasemdarmenn segja þetta geta orsakað heimsendi. Íslenskir vísindamenn vísa því á bug.

VÍSINDI Stærsti hraðal heims, Large Hadron Collider, sem rannsaka á smæstu agnir heims, verður gangsettur á miðvikudaginn skammt utan við Genf í Sviss. Tilgangurinn er að skapa sömu aðstæður og voru við Miklahvell.

Efasemdarmenn segja að rannsóknirnar geti orsakað heimsenda.

„Engin hætta er á heimsenda, það er tóm vitleysa,“ segir Þorsteinn Sæmundsson stjórnfræðingur.

„Þetta er merkileg tilraun sem á að gera með þessu tæki og mörgum spurningum verður vafalaust svarað um gerð heimsins,“ segir Þor-

steinn.

Fyrstu öreindunum verður skotið í gagnstæðar áttir á ljóshraða á miðvikudaginn inn í hraðal. Mánudí síðar munu öreindirnar sameinast og úr verður árekstur.

Með árekstrinum á að rannsaka öreind, svokallaða Higgis-eind, sem menn hafa aldrei séð en vitað er að hún hefur verið til. Eindin mun til dæmis útskýra af hverju hlutir hafa þyngd.

„Megintilgangurinn með verkefninu er að afla nýrra gagna um heiminn og hjálpa okkur að skilja hvað gerðist á fyrstu sekúndubrotunum eftir Miklahvell,“ segir Þorsteinn Vilhjálmsson, prófessor í eðlisfræði og ritstjóri Vísindavefjarins.

Við verkefnið starfa átta þúsund eðlisfræðingar frá áttatíu löndum. Kostar hraðallinn um 320 milljarða króna og er verkefnið undir stjórn Kjarneðlisvísindastofnunar Evrópu, CERN. Hraðallinn hefur verið í smíðum síðan árið 2003 en vísindamenn hafa beðið óþreyjufullir eftir þessu verkefni í tvo áratugi.

Efasemdarmenn hafa talið að við áreksturinn muni myndast nokkur lítil svarthol sem muni smám saman eyða jörðinni. Af því tilefni kærðu efasemdarmennirnir verkefnið til bandarískra dómstóla og til Mannréttindadómstóls Evrópu til að fá lögbann á rannsóknina. Kærunum var vísað frá.

„Ef svarthol gæti myndast við þessa tilraun væru svarthol alltaf að myndast í heiminum,“ segir Þorsteinn Vilhjálmsson og bætir við að engir alvöru vísindamenn telji að svartholin muni myndast.

vidirp@frettabladid.is



HRAÐALLINN Hann mun skjóta öreindum á ljóshraða í gegnum göngin sem sjást á myndinni. Við það munu skapast svipaðar aðstæður og við Miklahvell.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hver er stefna meirihlutans í borgarstjórn?

Hádegisverðarfundur í Valhöll

miðvikudaginn 10. september kl. 11.45 – 13.15

Frummælendur:

Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri og Óskar Bergsson, formaður borgarráðs.



Fundarstjóri:

Sólveig Pétursdóttir fyrrverandi forseti Alþingis og formaður sveitarstjórnar- og skipulagsnefndar.



Að fundinum stendur sveitarstjórnar- og skipulagsnefnd.

Allir velkomnir!



SJÁLSTÆÐISFLOKKURINN



Oddviti Vinstri grænna í Mosfellsbæ gagnrýninn á umræðuna:

Mega ekki óttast skurðgröfur

STJÓRNMÁL Karl Tómasson, oddviti Vinstri grænna í Mosfellsbæ og forseti bæjarstjórnar, segir að umræðan í kringum lagningu Helgafellsveggar fyrir ofan Álafossvos hafi algjörlega farið úr böndunum. Ákveðin mógæsing hafi skapast.

„Álafosssamtökin fóru mikinn og áttu einkennilega greiðan aðgang að fjölmöldum. Mér fannst til dæmis sérstakt þegar Mogginn birti heilsufrétt um að göngustígar í bænum yrðu malbikaðir en ekki stráðir kurlí eða möl.“

Þá var ég persónulega tekinn fyrir. Mér þótti það afar einkennilegt, sérstaklega í ljósi þess að umræddur vegur hefur verið á dagskrá í 25 ár og ég eini fulltrúinn sem aldrei kaus um hann. Þar fyrir utan var framkvæmdin nauðsynleg,“ segir Karl.

Karl las félögum sínum í Vinstri

grænum pistilinn á flokksráðstefnu nýverið. Honum fannst hann ekki fá stuðning flokks síns. „Það er eins og menn hafi óttast umræðuna. Ég var meira að segja beðinn um að vikja sæti á lista til Alþingis, þótt ég væri eini oddviti flokksins í meirihluta. Til þess kom þó ekki sem betur fer.“

Karl talaði tæpitungulaust á fundinum og sagði ástæðulaust að fara á taugum þótt menn sæju Bryndís Schram, Sigur Rós eða skurðgröfu. Umhverfismál væru einnig mannlegt samfélag, því mætti aldrei gleyma.

Karl hlaut góðar undirtektir við ræðu sinni. „Ég er félögum mínum í flokknum mjög þakklátur fyrir viðtökurnar,“ segir hann.

- kóp

KARL TÓMASSON Forseti bæjarstjórnar Mosfellsbæjar segir umræðu um lagningu Helgafellsveggar kalla á mógæsing.



Hvaða vexti ert þú með á þínum launareikningi?

- Betri innlánsvextir
- Betri yfirdráttarvextir
- Hagstæðasti launareikningurinn



Sæktu um
og þú gætir
unnið 10.000 kr.
gjafabréf á
Argentínu
Steikhús



Stofnaðu reikning... www.s24.is

533 2424 – Sætún 1

VEISTU SVARID?



1. Hvað heitir forseti Libíu sem Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, kann svo ljómandi vel við?
2. Hvaða íslenska körfuboltakona var stigahæst í leik Íslands og Írlands í fyrradag í B-deild Evrópukeppninnar?
3. Hvað heitir bókin sem Lynne Spears hefur skrifað um uppvaxtarár dóttur sinnar Britneyjar?

SVÖRIN ERU Á Síðu 30

Framtíð Reykjavíkurlflugvallar: Starfshópur um framtíð flugvallar skipaður

SAMGÖNGUMÁL Starfshópur um framtíð Reykjavíkurlflugvallar verður skipaður samkvæmt samkomulagi Kristjáns L. Möller samgönguráðherra og Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra frá fimmtudeginum. Þá samþykktu þau einnig á fundi sínum að fyrsti áfangi samgöngumiðstöðvar rísi árið 2010. Hanna Birna er fjórði borgarstjórinn á þessu kjörtímabili sem fundar með samgönguráðherra um framtíð Reykjavíkurlflugvallar. Hún hefur talað fyrir því að flugvöllurinn fari úr Vatnsmyri en haft hefur verið eftir ráðherra að hann vilji að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmyri eða verði fluttur á Hólmsheiði.

- ovd

Þátttakendur í rannsókn Participants in a studie

Læknadeild Háskóla Íslands og Landspítali Háskólasjúkrahús óska eftir heilbrigðum sjálfbodaliðum til þátttöku í rannsókn á kremi og stílum unnum úr lýsi. Tilgangur rannsóknarinnar er að kanna hversu vel viðkomandi lyf þolast. Þátttakan felur í sér notkun á viðkomandi kremi og stílum tvisvar sinnum á dag í tvær vikur ásamt þremur læknisskoðunum. Greiðsla fyrir þátttöku er 15.000.- kr

Rannsóknin er samþykkt af Vísindasiðanefnd og Lyfjastofnun. Áyrgðaraðili er Einar Stefánsson prófessor s: 5431000

Áhugasamir vinnsamlegast hafið samband við Helgu Halblaub email: Helghalb@landspitali.is

University of Iceland faculty of medicine and Landspítali - University Hospital wish to recruit healthy volunteers to participate in the study of ointment and suppositories made from code liver oil. The goal of the studie is to evaluate the tolerance for this medication. Participants will use the ointment and suppositories twice a day for two weeks and undertake medical examination three times. Fee for participation is 15.000.- isl. Kr.

The study is accepted by the The National Bioethics Committee and the Icelandic medicines control agency. Responsible for this studie is Einar Stefánsson professor tel:5431000

Those interested please contact Helgu Halblaub email: Helghalb@landspitali.is

Framkvæmdastjóri málmíðnaðarfyrirtækisins Héðins finnur lítið fyrir efnahagslæggðinni:

Vantar íslenska iðnaðarmenn í kreppunni

IÐNAÐUR „Það er nóg að gera hjá okkur. Ég veit ekki hvort þetta er heppni, en við verðum lítið vör við þessa margumtöluðu kreppu. Þvert á móti vantar okkur fólk til starfa, og mikið af því,“ segir Guðmundur S. Sveinsson, framkvæmdastjóri málmíðnaðarfyrirtækisins Héðins í Garðabæ. Fyrirtækið hefur auglýst reglulega eftir starfsfólki undanfarið en sáralítið hefur komið út úr því.

Guðmundur segir launin ekki vera vandamál í þessum geira, heldur fækki þeim stöðugt sem leggi fyrir sig nám í málmíðnaði og véltækni. „Það er ekkert launungarmál að ungir Íslendingar hafa sótt í „hreinni störf“, ef svo má segja, síðustu ár og áratugi. Menntun hefur gengið mikið út á viðskiptafræði og þvúmlíkt, en annað hefur setið á hakanum.“ Hann telur að ef ekki rættist úr gæti vandamálið orðið

mjög víðtækt. „Ef ekki tekst að rækta upp góða árganga af iðnaðarmönnum í landinu erum við í vondum málum. Það vantar góða og vandaða íslenska iðnaðarmenn,“ segir Guðmundur ákveðinn. „En ég segi nú samt ekki að ég sé andvaka af áhyggjum yfir þessu,“ bætir hann við og skellir upp úr.

Héðinn, sem er 86 ára gamalt fyrirtæki, flytur í nýtt húsnæði í Hafnarfirði um áramótin næstu. „Öll uppbygging síðustu ára þarfnast sinnar umsýslu og síns viðhalds,“ segir Guðmundur og hvetur járníðnaðarmenn af öllu tagi að sækja um hjá sér.

SÁRVANTAR FÓLK Guðmundur S. Sveinsson, framkvæmdastjóri stáliðnaðarfyrirtækisins Héðins, ásamt Sindra Sigurgeirssyni, starfsmanni fyrirtækisins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



SAMGÖNGUR

Samfelld vinnsla jarðganga

Fjórðungsþing Vestfirðinga, sem lauk á Reykhólum í gær, ályktaði að samhlíða framkvæmdum við jarðgöng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar yrði hafist handa við áframhaldandi jarðgöng um Dynjandisheiði. Þess var krafist að jarðgangaverkefni á Vestfirðum yrðu samfelld í vinnslu.

Hross á götum Akureyrar

Lögreglan þurfti að smala saman fimm lausagönguhrossum á Akureyri í morgun. Hrossin sáust við leikvöllinn og tjaldstæðið á Akureyri og við verslunina Strax. Þeim var smalað saman og þurfa eigendurnir að borga útkallið.

ÚTFLUTNINGUR

Íslenskur bjór í Danaveldi

Íslenski bjórinn Skjálfti verður seldur í verslunum Magasin Du Nord í Kaupmannahöfn. COOP-verslanakeðjan í Danmörku mun einnig selja jólabjór sem framleiddur verður hjá Ölvisholti Brugghúsi í Flóahreppi.

Fimmta hvern barn tekið með keisara

Í Bretlandi og Bandaríkjunum eru efasemdir um að réttlætlegt sé að hvetja konur sem gengist hafa undir keisaraskurð til að reyna eðlilega fæðingu. Íslensk rannsókn bendir þó til þess að hættan sé ekki meiri í slíkum tilfellum.

HEILBRIGÐISMÁL Um fimmtungur barna á Íslandi fæðist með keisaraskurði. Hildur Harðardóttir, sviðsstjóri lækninga á kvennasviði, segir tíðni keisaraskurða hafi farið úr böndunum víðs vegar um heiminn en sú hafi ekki verið raunin á Íslandi. Hún segir að í þeim löndum þar sem tíðni fæðinga með keisaraskurði er mjög há sé ekki sjálfgefið að burðarmálsaðuði hafi lækkað á sama tíma.

Í nýjasta hefti Læknablaðsins er greint frá rannsókn sem Hildur gerði ásamt nemanda sínum Brynhildi Tinnu Birgisdóttur á fæðingarmáta 925 kvenna sem þegar höfðu fætt einbura með keisaraskurði á tímabilinu 2001 til 2005. Í rannsókninni segir meðal annars að áður en keisaraskurðum tók að fjölga á Vesturlöndum hafi almennt verið talið að eftir einn keisaraskurð skyldu síðari fæðingar einnig vera með keisaraskurði. Síðar kom upp sú umræða að sporna þyrfti gegn þeirri þróun enda fylgikvillar eftir keisaraskurði vel þekktir. Víða erlendis hefur þó verið snúið frá þeirri þróun á undanförunum árum, svo sem í Bandaríkjunum og Bretlandi en þar sem ekki sé talið réttlætlegt að ráðleggja konum að reyna fæðingu um leggöng hafi þær gengist undir keisaraskurð.



HILDUR HARÐARDÓTTIR

Niðurstöður þeirra Hildur og Brynhildar voru meðal annars þær að rétt rúmlega 60 prósent kvennanna, eða 564 þeirra, reyndu venjulega fæðingu. Af þeim end-



HVATT TIL EÐLILEGRAR FÆÐINGA Um fimmtungur barna á Íslandi fæðist með keisaraskurði. Víða erlendis er ekki talið réttlætlegt að hvetja konur til að reyna fæðingu eftir að þær hafa gengist undir keisaraskurð, en íslensk rannsókn bendir til þess að hvetja megi konur til þess. Myndin tengist fréttinni ekki með beinum hætti.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

uðu um 40 prósent í bráðakeisaraskurði. Sex konur sem reyndu fæðingu um leggöng fengu legbrest, en með því er átt við að legið bresti sem ógnar lífi móður og barns. Meiri hættan er á legbresti meðal kvenna sem hafa farið í aðgerð á legi eða keisaraskurð. Meðal þeirra sex kvenna sem fengu legbrest tókst að bjarga fimm börnum með bráðakeisaraskurði en eitt barnanna dó í fæðingu. Rannsókn Hildur og Brynhildar benti þó til þess að ekki séu meiri líkur á burðarmálsaðuði

þótt eðlileg fæðing sé reynd.

Hildur segir niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að eðlileg fæðing um leggöng sé raunhæfur valkostur fyrir konur sem fætt hafa eitt barn með keisaraskurði. Hvetja megi konur til þess að láta reyna á hana, svo fremi sem aðstaða sé á fæðingarstað til að gera keisaraskurð án tafar.

Hildur bendir á að rannsóknir bendi til þess að ýmsir kostir fylgi eðlilegum fæðingum umfram fæðingum með keisaraskurði.

karen@frettabladid.is

Slysatryggingum hefur verið bætt inn í frumvarp um sjúkratryggingar:

Verður að lögum í vikunni

ALÞINGI „Þetta verður að lögum á miðvikudag eða fimmtudag. Það er mikill meirihluti fyrir þessu,“ segir Ásta Möller, formaður heilbrigðisnefndar Alþingis, um frumvarp til laga um sjúkratryggingar. Málið var afgreitt úr heilbrigðisnefnd í gær með svölum breytingum. Veigamest er færsla slysatrygginga inn í frumvarpið en áður var ráðgert að um þær giltu sérstök lög. Eftirlitshlutverk nýrrar Sjúkratryggingastofnunar með gæðum og árangri þeirra samninga sem hún gerir er styrkt og hnykk á að samkeppnislög gildi um starfsemina nema við ákveðnar aðstæður.



PURÍÐUR BACKMAN

ÁSTA MÖLLER

Lög um sjúkratryggingar eiga að tryggja aðgang að heilbrigðisþjónustu og stuðla að hagkvæmni og hámarks-gæðum hennar, segir í greinargerð frumvarpsins. Jafnframt verður heilbrigðis-

þjónustan kostnaðargreind og hlutverk ríkisins sem kaupanda þjónustunnar styrkt. Sérstakri stofnun, sjúkratryggingastofnun, verður komið á fót en hún skal starfrækja afgreiðslu og þjónustu í samvinnu við Tryggingastofnun ríkisins.

Puríður Backman VG segir frumvarpið óvandað og unnið í miklum flýti. Flauturslegt sé að skeyta slysatryggingum inn í það á síðustu stundu. Hún hvarmar líka að ekki liggi fyrir reglur um kostnaðarþátttöku sjúklinga, sérstaklega í því ljósi að með frumvarpinu sé greitt fyrir frekari einkavæðingu í heilbrigðisþjónustu.

- bps




24% afsláttur
VERÐ ÁÐUR 97.578
73.900
ECT680E

Gorenje helluborð 2+2 spor 60 cm
Keramik helluborð með snertitökkum og stálkanti á hliðum. Mál: (HxBxD) 6x60x51.
Afl á hellum: 7,1 kw. Barnalæsing. Tímastilling.



43% afsláttur
VERÐ ÁÐUR 109.772
62.900
IOP-96 T2

Gorenje keramik helluborð
Keramik helluborð með snertitökkum og stálkanti allan hringinn. Mál: (HxBxD) 5,5x58x50,5.
Afl á hellum: 6,1 kw. Barnalæsing.



43% afsláttur
VERÐ ÁÐUR 119.052
67.900
ECT780E

Gorenje helluborð 75 cm spor 2+2
Keramik helluborð með snertitökkum og stálkanti á hliðum. Mál: (HxBxD) 6x75x51.
Afl á hellum: 7,1 kw. Barnalæsing. Tímastilling.

RÝMUM FYRIR **NÝJUM** GORENJE TÆKJUM



30% afsláttur
VERÐ ÁÐUR 165.880
116.618
B90000EN

Gorenje 8 kerfa ofn
Fjölkerfa stálofn með snertitökkum, heitum blæstri og hreinsibúnaði. Mál: (HxBxD) 59,5x59,7x56,8.
Ofn 53 lítrar, kjöthitamælir, brautir fyrir skúffu og plötur.



34% afsláttur
VERÐ ÁÐUR 83.642
55.000
B7445E

Gorenje blástursofn
Fjölkerfa stálofn með snúningstökkum, heitum blæstri og hreinsibúnaði. Mál: (HxBxD) 59,5x59,7x56,8.
Ofn 53 lítrar, djúp skúffa, 2 grunnar plötur og grillgrind.



53% afsláttur
VERÐ ÁÐUR 128.088
60.000
B7570E

Gorenje blástursofn 9 kerfa
Fjölkerfa stálofn með innfellum tökkum, heitum blæstri og hreinsibúnaði. Mál: (HxBxD) 59,5x59,7x56,8.
Ofn 53 lítrar, brautir fyrir skúffu og plötur.



24% afsláttur
VERÐ ÁÐUR 109.772
83.400
WA73141

Gorenje þvottavél 7 kg 1400 sn
7 kg. þvottavél. Vindur uppí 1400 snúninga. Einkar hljóðlát. Orkunýtni A+, þvottahæfni A, þeytinduafköst A.



47% afsláttur
VERÐ ÁÐUR 106.109
55.900
WT52112

Gorenje topphlaðinn þvottavél
5 kg. þvottavél. Topphlaðin, vindur uppí 1200 snúninga. Orkunýtni A, þvottahæfni A, þeytinduafköst C.



43% afsláttur
VERÐ ÁÐUR 186.210
106.900
GE65521

Gorenje uppþvottavél innbyggð
12 manna uppþvottavél til innbyggingar með kámfrium stálhlera. Hljóðstig 47 dB. Mál: (HxBxD) 81,8x59,8x57;



24% afsláttur
VERÐ ÁÐUR 97.074
73.900
IDR4545E

Gorenje eyjuháfur
Eyjuháfur, ryðfrítt stál. Breidd 39 cm.
Afkastageta 670 m³/klst. Hljóðstig 59 dB.



53% afsláttur
VERÐ ÁÐUR 150.067
69.900
KD830EINSEL

Gorenje eyjuháfur 90 cm
Eyjuháfur ryðfrítt stál. Breidd 90 cm.
Afkastageta 750 m³/klst. Hljóðstig 42/60 dB.



53% afsláttur
VERÐ ÁÐUR 106.232
50.000
DAH690RF

Gorenje veggháfur 90 cm 1000 M³
Veggháfur ryðfrítt stál. Breidd 90 cm. Afkastageta 1000 m³/klst. Hljóðstig 46/69 dB. Fjarstýring fylgir.

RÖNNING
ronning.is

REYKJAVÍK
Borgartún 24
Sími 562 4011

AKUREYRI
Draupnigsgata 2
Sími 460 0800

REYÐARFJÖRÐUR
Nesbraut 9
Sími 470 2020

REYKJANESBÆR
Hafnargata 52
Sími 420 7200



RISAAFMÆLI Það var dekrað við filinn í dýragarðinum í Meðellín í Kólumbíu á laugardaginn. Fillinn fékk meðal annars afmælistertu með ávöxtum og grænmeti enda orðinn 67 ára og þarf að passa línurnar. NORDICPHOTOS/AFP

Heilu fjölskyldurnar flytja til Þórshafnar á Langanesi:

Fólk leitar í atvinnuöryggið

ATVINNUMÁL Að minnsta kosti fjórar fjölskyldur eru að flytja eða eru þegar fluttar á Þórshöfn á Langanesi. Fólkíð kemur bæði af höfuðborgarsvæðinu og annars staðar að af landinu, að sögn Björns Ingimarssonar, sveitarstjóra Langanessbyggðar.

„Við höfum verið með ágætlega stöðugt atvinnulíf í nokkuð langan tíma,“ segir Björn. „Við erum utan þenslusvæða. Við höfum því ekki upplifað neina þenslu og þar af leiðandi engan samdrátt. Atvinnulífið er í góðum gir og okkur hefur sárventað fólk, til að mynda í öll þjónustustörf.“

Spurður um húsnæðismál á

svæðinu segir Björn að nánast allt húsnæði sé í notkun Þórshafnar-megin. Til þessa hafi hins vegar verið laust húsnæði Bakkafjarðarmegin á nesinu.

„Það hefur einnig verið mikill uppgangur í atvinnulífinu þar frá því í vor þegar Toppfiskur hóf þar fiskvinnslu,“ bætir hann við.

Björn segir að fólkíð sem er að flytja til Þórshafnar sé yfirleitt menntað fagfólk sem mikill fengur sé að fyrir staðinn. Hann segir brottflutning fólks af staðnum hafa verið talsverðan á undanförunum árum en íbúafjöldinn sé nú nokkuð stöðugur.

- jss



ÞÓRSHÖFN Atvinnulíf hefur verið blómlegt og stöðugt í Þórshöfn.

Menningarlífið í Noregi:

Kristenn í hópi tíu valdamestu

NOREGUR Norski Íslendingurinn Kristenn Einarsson, framkvæmdastjóri Bokklubben í Noregi og stjórnarmaður í Norsk filminstitut, er talinn einn af tíu valdamestu í menningarlífinu í Noregi, að mati norska dagblaðsins Aftenposten.

Í grein blaðsins segir að fáir viti að Kristenn Einarsson sé maðurinn sem ráðningarskrifstofurnar hlaupi á eftir í hvert skipti sem vantar mann í toppstöðu í menningarlífinu. Í kringum aldamótin hafi hann afþakkað kurteislega starfið sem yfirmaður norska ríkisútvarpsins, NRK.

- ghs



AFMÆLISFAGNAÐUR Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík, kynnti verkefnið á afmælisfagnaði skólans.

Háskólinn í Reykjavík 10 ára:

Þekking virkjuð í almannabágu

MENNTUN Fræið – virkjun þekkingar í almannabágu er heiti á samstarfsverkefni nemenda og starfsfólks Háskólans í Reykjavík í tilefni af 10 ára afmæli skólans.

Verkefninu var hleypt af stokkunum á fimmtudaginn en það felur í sér að Háskólinn í Reykjavík, starfsfólk hans og nemendur bjóða samtökum og einstaklingum sem starfa í þágu almannaheilla aðgang að starfskröftum sínum og þekkingu.

„Með því að deila þekkingu og kröftum okkar með öðrum í almannabágu viljum við stuðla að auknum lífsgæðum í samfélaginu og jafnframt skapa gott fordæmi um samfélagslega ábyrgð fólks og fyrirtækja,“ segir í tilkynningu frá skólanum. Nánari upplýsingar má nálgast á slóðinni hr.is/fracid en verkefnið stendur út afmælisár skólans.

- ovd

Vilja reisa átöppunarverk-smiðju við Hafnarfjarðarhöfn

Forsvarmaður Glacierworld segir það ráðast af vilja bæjaryfirvalda hvort átöppunarverksmiðja rísi í Hafnarfjarðarhöfn. Hafnarstjórnin hefur þegar samþykkt þjónustusamning vegna vatnsútflutningsins.

IÐNAÐUR „Við vonumst eftir að fá fljótlega samning um vatnsöflun og verð á vatni,“ segir Magnús Magnússon, forsvarmaður félagsins Glacierworld, sem vill reisa átöppunarverksmiðju við Hafnarfjarðarhöfn.

Glacierworld hefur óskað eftir að fá að kaupa tuttugu sekúndulíttra af vatni úr vatnsbólum Hafnarfirðinga við Kaldárbotna. Félagið hyggst síðan tappa vatninu á flöskur úr bæði plasti og gleri í verksmiðju við höfnina í Hafnarfirði. Vatni verður bæði tappað einu og sér á flöskur og einnig notað í aðra drykki. Hafnarstjórn hefur þegar samþykkt þjónustusamning við Glacierworld.

Magnús segir að samningagerðin við Hafnarfjarðarbæ hafi tekið dálítinn tíma. „Við förum af stað fljótlega eftir að samningar nást og nú er það Hafnarfjarðarbær sem ákveður hvenær það verður. Það ætti að skýrast á næstu vikum eða mánuðum,“ segir hann.

Að sögn Magnúsar er Glacierworld í eigu fyrirtækisins GRI - Global Research Investments. Að baki því standi fjárfestingarsjóðir í Kúvæt, Dubai og Sáði-Arabíu. Magnús segir framkvæmdastjóra GRI áður hafa stýrt Highland Spring sem sé stærsta félagið í Bretlandi sem framleiðir átappað vatn. Hann segir Highland Spring



KALDÁRBOTNAR Fyrirtæki í eigu arabískra fjárfestingarsjóða falast eftir vatni úr vatnsbólum Hafnarfirðinga í Kaldárbotnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

hafa verið selt til Coca Cola fyrir hálfu öðru ári.

